

Foreldrasvipting (PAS) – í hverju felst hún?

Almenn skilgreining

Við skilnað foreldra birtast oft sterkar tilfinningar, biturleiki, svik, reiði og vantraust út í fyrri maka. Ef barn er í spilinu verður myndin flóknari. Eftir því sem meiri neikvæðni er milli aðila við skilnað því meiri líkur eru á að deilur og ágreiningur komi upp milli foreldra. Við skilnað og í deilum sem koma í kjölfarið er það nokkuð algengt að annað foreldrið beiti foreldrasviptingu eða Parent Alienation Syndrome (PAS) á barn sitt gegn hinu foreldrinu.¹ PAS er samheiti yfir hegðun og atferli sem annað foreldrið, þ.e. PAS gerandinn, beitir gegn hinu. Foreldri sem beitir PAS er það foreldri sem hefur barnið hjá sér og milli aðila standa deilur um forræði eða umgengni.² PAS hegðun/ofbeldi einkennist af innrætingu og heilapvotti á barnið og beitir firringu og neikvæðni í garð hins foreldrisins. PAS gerandinn réttlætir PAS ofbeldi oftast með því að hitt foreldrið sýni óábyrga framkomu og hegðun og verið sé að verja hagsmuni barnsins. Þá heldur gerandinn því fram að barnið muni skaðast, fara í gegnum áfall og erfiðleika ef það er skilið frá PAS gerandanum og heimili hans. Með kerfisbundnum heilapvotti á barni gegn hinu foreldrinu er verið að breyta viðhorfi barns þannig að barnið beri jákvæðar tilfinningar til annars foreldrisins en neikvæðar til hins.³

Vísindamenn og sérfræðingar um allan heim hafa um áratugaskeið rannsakað PAS. Hafa þeir gefið út fjölmargar greinar í virt vísindarit, bækur, verið sjálfstætt starfandi sérfræðingar í fjölskyldudeilum og sérfróðir meðdómendur hjá dómstólum. Þessir aðilar, sem aðallega eru sálfræðingar og geðlæknar, flokka PAS upp í nokkur svið t.d. í fjandsamlega árásargirni foreldris (e. hostile aggressive parenting) sem og fleiri flokka allt eftir því hvort horft er á PAS frá augum sálfræðings eða geðlæknis. Það gildir einu frá hvaða sjónarhorni horft er á PAS, sérfræðingar eru sammála um að beiting PAS á börn sé eitt alvarlegasta ofbeldi sem hægt er að beita börnum.⁴

PAS gerandur nota iðulega barnið sem vopn gegn hinu foreldrinu. Þeirra markmið er að eyðileggja ímynd, samskipti og samband barnsins við hitt foreldrið og fjölskyldu þess.⁵ Barn sem elst upp við PAS ofbeldi er mótað af gerandanum og það sýnir eftir ákveðinn tíma öll einkenni sem PAS stendur fyrir – allt gegn hinu foreldrinu.⁶ Drifkraftur PAS gerandans er mikil reiði, vanþóknun, hræðsla og yfiringileg ofverndum á barni. Sams konar hegðun mun í mörgum tilfellum birtast hjá barni og mun barnið spegla hugmyndir og afstöðu PAS gerandans. Eldri börn sýna þetta vel en leikskólabörn síður.⁷ Í lang flestum tilfellum er PAS gerandinn móðir.

Hér er lýst helstu einkennum PAS og hegðunarþáttum PAS gerandans og þeim alvarlegu áhrifum sem PAS getur haft á þroska og líðan barnanna.

¹ Byrne (1989) bls 1.

² Gardner (2002) bls 9.

³ Kopetski (1998) bls 67 og Byrne (1989) bls 1.

⁴ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008.

⁵ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008.

⁶ Gardner (2002) bls 11.

⁷ Kopetski (1998) bls 67.

Helstu hegðunarþættir PAS gerandans

1. PAS gerandi talar illa og neikvætt um hitt foreldrið í áheyrn barnsins. PAS gerandi breiðir út hatur og andúð þess á hinu foreldrinu til vina og fjölskyldu. PAS gerandi gerir þetta til að líta út sem „góða foreldrið“ gagnvart öðrum foreldrum og því umhverfi sem barnið er í og hitt foreldrið lítur út sem „slæma foreldrið“. PAS gerandi gengur langt til að halda mannorði sínu og áliti annarra á því sjálfu og notar hvert tækifæri til að tala neikvætt, illa og oft afskræmt um hitt foreldrið.
PAS gerandi skammast og rífst við hitt foreldrið í áheyrn barnsins. Dæmi um ásakanir „af hverju hlutstar þú ekki á hana“ „geturðu ekki séð að hún hatar þig og hún vill ekki vera hjá þér“, „getur þú ekki hlustað á óskir barnsins“, „hún/hann vill ekki þú komir á leikinn“. Barnið heyrir niðrandi orð um hitt foreldrið og skilaboðin eru skýr frá PAS gerandanum. Eitt af einkennum PAS er viðhorf gerandans t.d. „ég virði hennar/hans tilfinningar“ eða „ég tek mark á því sem barnið segir“. Barnið verður í fyrstu ruglað í rýminu en með áframhaldandi PAS ofbeldi og atferli gerandans mun barnið að lokum trúa þessari mynd sem búið er að setja fram á hinu foreldrinu.⁸
2. PAS gerandi hefur þá sterku skoðun að allt og öll vandamál séu hinu foreldrinu að kenna og það foreldri hafi engar jákvæðar hliðar fram að færa.⁹ PAS gerandi sem beitir markvissum heilapvotti á barn sitt er nokkuð algengt fyrirbæri. Það kemur því fyrir hjá barninu að allt það jákvæða sé tengt því og allt það neikvæða sé tengt hinu foreldrinu. Barnið fer að verja það foreldri sem beitir heilapvottinum til að upplifa jákvæða þætti og það er farið að trúá því að það er bara neikvætt við hitt foreldrið.¹⁰ PAS gerandinn fær barnið til að snúast gegn hinu foreldrinu og barnið sér PAS foreldrið sem fórnarlamb.¹¹
3. PAS gerandi notar mikið „ástar-syndromið“. Það er alþekkt að „ástar-syndromið“ er meðal öflugustu stjórnþækja PAS gerandans. PAS gerandi kemur því fyrir hjá barninu að ef það gerir ekki eins og það vill verður barnið afar hrætt um að PAS gerandinn hætti að elska það. Barnið býr einnig í stöðugri hættu við höfnun á ást frá PAS gerandanum ef það sýnir minnsta vott um að það elski hitt foreldrið. Hér er spilað á tilfinningalega sektarkennd barnsins til ná sínu fram gegn hinu foreldrinu og að engin geti elskað það meira en PAS gerandinn. Barninu er stillt upp þannig að það eigi að velja milli foreldra sína og því líður vítiskvalir yfir þessari stöðu.¹²
4. Rannsóknir sýna að endurtekin staðhæfing PAS gerandans við barnið að því líði svo illa og það sé svo einmanna ef barnið fer til hins foreldrisins sé algeng birtingarmynd. Algengt er að PAS gerandi segir við barn áður en það fer til hins foreldrisins „ekki vera smeyk/ur, við verðum saman fljótt aftur, tveir dagar eru svo fljótir að líða og ég mun bíða eftir þér og þegar þú kemur verður aftur svo gaman hjá okkur“. Barn sem

⁸ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008, Gardner (2002) bls 9, Kopetski (1998) bls 67 og Byrne (1989) bls 1.

⁹ Byrne (1989) bls 1.

¹⁰ Clawar et. al (1991) bls. 46.

¹¹ Lowenstein(1999) bls 48.

¹² Byrne (1989) bls 2, Clawar et. al (1991) bls. 25-26, Lowenstein (1999) bls 48 og sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

virkelega hefur þá tilfinningu að þegar það er ekki heima hjá PAS gerandanum þá líði því foreldri svo illa og það sé svo einmanna byggir upp mikla sektarkennd, áhyggjur og ótta við að fara að heiman að þau kjósa að fara ekki.¹³

5. PAS gerandi hindrar eðlileg símasamskipti barns við hitt foreldrið. PAS gerandi stjórnar því hvenær talað er í símann og hvenær barnið talar við hitt foreldrið. Hindrun og/eða stjórnun á símtölum barns við hitt foreldrið er ein algengasta birtingarmynd PAS. Helstu aðgerðir sem PAS gerandinn grípur til; er að svara ekki síma, hafa símsvara á, slíta símtali samstundis, svara ekki skilaboðum um að hringja til baka, hindra að barnið tali í einrúmi við hitt foreldrið því PAS gerandi er mjög vænisjúkur um að barnið kunni að segja eitthvað sem það má ekki segja, takmarka símtöl milli barns og hins foreldris, taka símann af barninu og slíta símtali og segja við hitt foreldrið að barnið vilji ekki tala við það. Afar algengt er að barnið sé hrætt við PAS gerandann því það þorir ekki að láta í ljós við hitt foreldrið eitthvað sem fellur ekki í jarðveg PAS gerandans.¹⁴

Aftur á móti þegar barn dvelur hjá hinu foreldrinu og PAS gerandinn talar við barnið í síma er algengt að símtöl þeirra verði löng og í spurninga-svara stíl. PAS gerandinn spyr stöðugt um hvað var í matinn, hvenær var farið að sofa, hvort farið var í bað, hvað var gert til afþreyinga, hvort foreldrið hafi alltaf verið með þeim, hvort barninu líði vel og hvort barninu langi ekki bara koma heim. Í þessum símtölum er algengt að hvíslun milli barns og PAS gerandans verði áberandi og enginn annar má heyra.¹⁵

6. Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi hefur orðið vaxandi vandamál. Slíkar ásakanir eru oftast settar fram í kringum skilnað. Afar algengt er að PAS gerandi (móðirin í lang flestum tilfellum) spinni upp falskar ásakanir/kæru á hitt foreldrið um kynferðislega misnotkun á barninu. PAS gerandi fullyrðir oft að barnið sé hrætt við hitt foreldrið og vilji ekki vera hjá því. Þegar móðirin setur fram falskar ásakanir/kæru á hendur föður barnsins, er barnið dregið inn í umræðuna, væntanlega til að fá það til að taka undir ásakanirnar.¹⁶ Ásakanir/kæra móður um kynferðislega misnotkun á hendur föður barns hennar er valdamesta ásökun sem hægt er að setja fram og teljast ásakanir um alkahólnotkun, eiturlyfjanotkun, óábyrga fjármálastjórn, andlega vanheilsu eða hvað eina smámunir miðað við það vald sem móðir fær við það að ásaka/kæra föður barnsins um kynferðislega misnotkun.

Í þessum málum vill PAS gerandinn kalla til lögreglu og barnaverndaryfirvöld til að heyra uppspunann, vitandi það að rannsókn fer af stað og á meðan er ekki umgengni barnsins við hitt foreldrið. Á meðan rannsókn fer fram hefur PAS gerandinn tækifæri á að slíta tengsl barns við hitt foreldrið og vinna tengslunum mein. PAS gerandinn reynir því að nota öll skítugustu vopnin í baráttunni til að stöðva eða takmarka verulega umgengni og samskipti barnsins við hitt foreldrið. PAS gerandinn gerir jafnvel kröfu um að umgengni verði undir eftirliti og notar það sem refsingu á hitt foreldrið. Móðirin sem ásakar föður barnsins hefur rætt mikið við barnið og það er farið að trúá því að þetta hafi gerst. Barn notar orðtæki sem ekki er hægt að reikna með að börn á þessum aldri nota. Móðirin sem hefur hug á að ásaka eða kæra föður barnsins er mjög upptekið af því og ræðir það óspart við barnið þannig að það eru

¹³ Clawar et. al (1991) bls. 46, Siegel, J. C og Langford, J. S. (1998), bls 5. og Lowenstein (1998) bls 505.

¹⁴ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

¹⁵ Clawar et. al (1991) bls. 25-26

¹⁶ Ross et. al (1999) bls 1-3.

mjög meðvituð um hvernig slíkt gæti farið fram. Þegar móðir ræðir (lýsir í smáatriðum) kynferðislegri misnotkun við barn sitt þá lærir barnið að lýsa þessu og er tilbúið að segja frá því t.d. við lögreglu og rannsóknaraðila. Barnið fær valdið í hendur og móðirin hefur komið því þannig fyrir að hún þurfi ekki sjálf að leggja fram ásakanir eða lýsingar.¹⁷

Rannsóknir sýna að bakgrunnur kvenna sem ásaka hitt foreldrið ranglega um kynferðislega misnotkun eiga margt sameiginlegt. Þær eru mjög kvíðakenndar og áhyggjufullar og eiga við ákveðin persónuleg vandamál að stríða, jafnvel geðræn vandamál. Þær upplifa sig sem fórnarlömb aðstæðna og skilnaðar og kenna hinu foreldrinu um stöðu þeirra. Þær halda áfram að vera fórnarlömb og draga börnin fljótt inn í þær aðstæður, sérstaklega eftir að þau hafa verið hjá föður sínum. Rannsóknir sýna að þessar konur hafa jafnframt átt í erfileikum með kynlíf í fyrra sambandi, hafa neikvæða tilfinningu gagnvart kynlífi, hafa jafnvel óeðlilega mynd af kynlífi og hafa jafnvel lifað sambúð eða hjónaband með fyrri maka, án kynlífs. Dætur þessara kvenna spegla oft upplifun móðurinnar og þegar dæturnar eru settar í yfirheyrslu vegna rannsóknar á ásökunum túlka þær og spegla skoðun móðurinnar. Erfiðara er að fá drengi til að spegla skoðun móðurinnar. Þegar barnið hefur dvalið hjá föður sínum mun móðirin leggja „kynfæra-próf“ (e. genital examination) fyrir barnið. Móðirin spyr barnið á óviðeigandi hátt og leitar eftir öllum smáatriðum, spyr ónauðsynlegra spurninga sem barnið hefur engan þroska til að taka afstöðu til. Móðirin leitar stíft eftir öllum smáatriðum.¹⁸

Hegðun barna þegar settar eru fram falskar ásakanir á föður þeirra um kynferðislega misnotkun, er háð aldri þeirra. Börn yngri en 8 ára koma oft með tvíbendnar sögur því þau eru sett í stöðu gegn hinu foreldrinu. Börn vilja oft gera mikið úr hlutunum og sýna óviðeigandi hegðun. Sem dæmi vilja börn gjarnan nota orðtæki og orðaval þar sem um hermun er að ræða og þau sýna páfagaukshegðun. Sjálfkrafa og óumbeðin sýna þau oft yfirdrifna hegðun og gera mikið úr hlutunum, gegn því foreldri sem ásakað er. Þau eiga það til að koma með skelfilegar lýsingar á ýmsum aðstæðum og þá á hendur föður sínum. Þau eiga það einnig til að sýna ýkta haturs grimmd gagnvart föður sínum. Síðan sýna þau oft „never-ever“ eða „never and always“ hegðun þegar þau verja móður sína, þ.e. einkennið gæti verið að barnið segir það fái alltaf þetta hjá móður en aldrei hjá föður.¹⁹

7. PAS gerandi útskýrir fyrir barninu að það geti ekki hitt foreldrið því lögreglan, dómariinn eða eitthvað yfirvald segir það, þó það sé ekki rétt. Sú mynd sem barnið fær er að PAS gerandinn er ekki að hindra samskipti heldur einhver annar.²⁰
8. PAS gerandi gerir hvað hann getur til að takmarka samverustundir barns við hitt foreldrið og grípur til endurtekinna málaferla sem hafa það að markmiði að þvinga fram útilokun, eftirlit eða takmörkun á samskiptum og samverustundum barns við hitt foreldrið. PAS gerandi er stöðugt hræddur um að umsjá/umgengni barns fari yfir til hins foreldris og því beitir hann ýmsum ásökunum eða dylgjum til að styrkja stöðu sína.²¹

¹⁷ Gardner (2002) bls 11, Byrne (1989) bls 6, Ross et. Al (1990) bls 1-3.

¹⁸ Ross et. al (1990) bls 4-6.

¹⁹ Ross et. al (1990) bls 7-8.

²⁰ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

²¹ Kopetski (1998) bls 67-68 og Byrne (1989) bls 2.

9. PAS gerandinn er mjög ósamvinnuþýður þegar kemur að því að skipuleggja sumarfrí og önnur löng frí. PAS gerandinn leitar allra möguleika við að finna leiðir til að stytta eða hindra umgengni barnsins við hitt foreldrið. PAS gerandinn dregur barnið inn í leit að viðburðum og fær það til að tjá sig um að það geti ekki farið til hins foreldrisins því það þurfi vera heima og gera þetta eða hitt. PAS gerandinn reynir að skipuleggja og stjórna umgengni barns með hinu foreldrinu á sínum forsendum og reynir að stjórna hvernig samverustundum barns með hinu foreldrinu er háttað. PAS gerandi er mjög óviljugur að koma á móts við sveigjanleika í umgengni ef hitt foreldrið óskar eftir að hafa barnið við ákveðnar aðstæður.
- PAS gerandi vill stjórna og stýra hvernig tíma barns er varið þegar það er hjá hinu foreldrinu. PAS gerandinn gerir samning við barnið um að það verði að mæta á allar íþróttæfingar, tómstundir eða það eigi að gera þetta og hitt. Þessi hegðun er algeng í þeim tilfellum sem barnið dvelur minna en 50% af tíma sínum hjá hinu foreldrinu. Ef það gerist að hitt foreldrið geti ekki uppfyllt allar þessar mætingakröfur mun PAS gerandinn óhikað tala um það við barnið og segja við það að hitt foreldrið hafi tekið frá því æfinguna/viðburðinn. PAS gerandinn mun síðan segja vinum sínum og nágrönnum frá því að hitt foreldrið vill aldrei gera neitt gott fyrir barnið.
- PAS gerandi lokkar eða mútar barninu um að fara ekki til hins foreldrisins. PAS gerandinn skipuleggur eitthvað sem barninu langar að gera, akkúrat á þeim sama tíma sem það á að vera hjá hinu foreldrinu. Dæmi um slíkt er að fara í sumarbústað, ferðalag, siglingu, fá nýjan hund/gæludýr eða hvað eina. Mikið er gert úr þessum viðburðum sem leiðir til þess að barnið vill ekki missa af því.²²
10. PAS gerandi er mjög óviljugur til að íhuga jafna og sanngjarna umgengni því hann getur ekki hugsað þá hugsun að sami réttur gildir fyrir hitt foreldrið og það sjálft. Það mun í málflutningi sínum telja barninu fyrir bestu að vera sem mest með því sjálfu og notar mikið „heima er best“ eða „home-base“ staðhæfingu. PAS gerandinn mun halda því fram að barnið skaðist við það að vera aðskilið frá því sjálfu. Oft ræðir PAS gerandi við barnið um rétt barnsins t.d. réttur þess er að fara ekki til hins foreldris, vilji barnið það ekki.²³
11. PAS gerandi yfirheyrir barnið yfirgengilega þegar það hefur verið í umsjá hins foreldrisins. Barnið er látið gefa skýrslu um allt mögulegt en á sama tíma gerir PAS gerandinn samning við barnið um að sé að ræða leyndarmál þeirra á milli. PAS gerandi reynir að finna eitthvað út úr þessum yfirheyrslum sem hægt er að nota gegn hinu foreldrinu. Í slíkum yfirheyrslum getur barnið farið í uppnám og sýnt neikvæða hegðun. PAS foreldrið mun þá túlka það þannig að barnið hafi komist í uppnám út af samverunni hjá hinu foreldrinu.²⁴
12. PAS gerandi reynir að koma í veg fyrir eða gera mjög erfitt fyrir að barnið taki þátt í viðburðum í lífi hins foreldrisins t.d. afmæli, afmæli í stórfjölskyldunni eða öðrum viðburðum sem skiptir hitt foreldrið máli.²⁵
13. PAS gerandi krefst þess að barnið sé sótt og skilað á akkúrat tíma og gerir mikið mál úr því ef mínútum skeikar. Aftur á móti er PAS gerandi ekki að horfa í eigin barm og stendur ekki sömu tímavakt þegar kemur að umgengni barns við hitt foreldrið.

²² Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

²³ Kopetski (1998) bls 68.

²⁴ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

²⁵ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

14. Algengt er að PAS gerandi, án vitundar og samþykki hins foreldris, taki barnið til sérfræðings (sálfræðings, læknis...) til að fá frá þeim einhverja staðfestingu eða skýrslu til stuðnings þess í baráttu um umgengni og til að sundra samskiptum og tengslum barnsins við hitt foreldrið. PAS gerandi vill alls ekki fá aðkomu hins foreldris því þá kemur hin hliðin fram. PAS gerandinn birtist sérfræðingum lang oftast sem afar blíðlegur, vinalegur og vingjarnlegur einstaklingur – sem er oftast það eina sanna sem PAS gerandinn setur fram gagnvart sérfræðingnum.²⁶
15. PAS gerandi vill ekki tengja hitt foreldrið við daglegt líf barns þó það foreldri sækist fast eftir því. Það vill miklu fremur tengja eigin fjölskyldu og vini inn í líf barnsins og kaupa frekar barnfóstru til að sjá um barnið í stað þess að leyfa hinu foreldrinu að koma meira að lífi barnsins. PAS gerandinn reynir að nota hvert tækifæri til að halda hinu foreldrinu frá áhugamálum og daglegu lífi barnsins.²⁷
16. PAS gerandi upplýsir hitt foreldrið ekki um viðburði barnsins í skólanum, íþróttum eða öðru sem barnið er að gera. PAS gerandi vill ekki að hitt foreldrið sé í sambandi við skólann eða íþróttafélagið. PAS gerandinn gerir þetta til að stjórna og segir skólanum/íþróttafélaginu að hitt foreldrið hafi ekki leyfi til að fá upplýsingar eða þátttöku án samþykkis PAS gerandans. PAS gerandi kemur fram villandi upplýsingum til skólans/íþróttafélagsins um hitt foreldrið með það að markmiði að útiloka samskipti við hitt foreldrið.²⁸
17. PAS gerandi vill hundsá dómsúrskurði eða önnur tilmæli frá réttarkerfum. Það er gert í þeirri von að leiðrétting verði gerð þeim í hag. Ef PAS gerandi er með lögmann í baráttu sinni er algengt að lögmaðurinn sé fenginn til að sýna afskræmda mynd á hinu foreldrinu gagnvart skóla barnsins eða öðru umhverfi sem barnið er í. Trúi sérfræðingur eða lögmaður að önnur hlið sé á málinu og hlið PAS gerandans sé ekki eðlileg er algengt að PAS gerandi hafni ráðleggingum sérfræðinga og lögmanna, jafnvel síns eigin lögmanns og telji það ekki þjóna hagsmunum barnsins.²⁹
18. PAS gerandi fær barnið til að skrifa yfirlýsingu eða bréf þar sem ljótar lýsingar eru settar fram á hendur hinu foreldrinu. PAS gerandi fær barnið til að tjá sig um hitt foreldrið á öfgakenndan hátt t.d. „betra er að eiga engan pabba en þennan pabba“ eða „ég óska þess að pabbi væri ekki til“ eða „ég hata þig og ég vil ekki sjá þig aftur“. Þegar barn sýnir þessa hegðun er algengt að PAS gerandi verðlauni barnið.³⁰
19. PAS gerandi notar peninga sem skiptimynt fyrir umgengni. Hitt foreldrið geti fengið þessa eða hina umgengnina ef það borgar meira. Barnið verður þátttakandi með þeim hætti að þau eru boðberar PAS gerandans um að hitt foreldrið eigi að borga meira. PAS gerandinn mótar barnið þannig að þau séu svo blönk því pabbi vill ekki borga meira. Þekkt er t.d. „ef þú ferð til pabba þá vill hann ekki láta mig hafa neina peninga“ eða „pabbi þinn hugsar meira um peninga en þig“. Með þessu er hægt að fá barnið gegn hinu foreldrinu því barnið verður mjög meðvirkt um vanlíðan foreldrisins. Barninu er jafnvel stillt upp við vegg og það verði að velja hvort það fari

²⁶ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

²⁷ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

²⁸ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

²⁹ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

³⁰ Gardner (2002) bls. 11 og sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008.

til þabba eða ekki. Heilaþvotti er beitt á barnið þannig að PAS gerandinn er fórnarlambið og barnið fer að vorkenna því.³¹

20. Barninu er ekki leyft að hafa mynd eða einhverja minningu um hitt foreldrið, ekki einu sinni í sínu eigin herbergi. Allt sem minnir á hitt foreldrið er afmáð t.d. gjafir.³²
21. PAS gerandi hefur ekki samviskubit yfir því sem hann segir eða gerir.³³
22. Ef hitt foreldrið er komið með nýjan maka er líklegt að afstaða PAS gerandans gagnvart umgengni breytist. PAS gerandi er ekki tilbúinn að hleypa barni sínu til hins foreldrisins vegna hræðslu við að einhver ókunnug manneskja (maki hins foreldrisins) fari að elska barnið. PAS gerandinn lítur á sig sem píslarvott og fórnarlamb.³⁴

Áhrif PAS ofbeldis á börn

1. Barn sem elst upp við PAS ofbeldi hefur mikið samviskubit og samúð gagnvart PAS gerandanum þegar það fer til hins foreldrisins. Barnið hefur þá sterku tilfinningu að PAS gerandinn líði svo illa og sé svo einmanna þegar barnið er ekki heima hjá því. PAS gerandinn ræðir við barnið að það hlakki svo til að eyða meiri tíma með þeim og stillir sérstaklega upp þeirri mynd þegar fyrirhuguð samvera er með hinu foreldrinu t.d. langar helgar og sumarleyfi. Barninu finnst mjög erfitt að yfirgefa PAS gerandann og vill forðast þessa árekstra með því að forðast að fara til hins foreldrisins. Vanlíðan barns verður gríðarlega mikil.³⁵
2. Barn sem alist hefur upp við PAS ofbeldi byggir upp með sér mikla reiði út í PAS gerandann og hegðar sér í samræmi við það þegar það nær aldri og þroska til þess. Mjög algengt er að með hærri aldri bregðist barnið mjög illa við því foreldri sem beitir PAS ofbeldi og mikill mótþrói myndast í samskiptum þeirra á milli. Á fullorðinsárum getur þessi einstaklingur algjörlega hafnað PAS gerandanum, svo mikil reiði hefur safnast upp hjá honum.³⁶
3. Þegar barni er stillt upp að það verði að velja milli foreldra sína er verið að setja barnið í skelfilega stöðu. Því líður vítiskvalir af hugarangri. Það þorir ekki segja PAS gerandanum að það vilji ekki velja heldur lokar sig af frá eigin flækjum og hugarangri. Barnið upplifir eyðileggingu í lífinu.³⁷
4. Ef barn fær ekki þvingunarlaust að umgangast báða foreldra sína mun það hafa mjög neikvæð áhrif á sálarlíf barnsins. Barn hefur aftur á móti mikla þörf fyrir markvissum samverustundum með því foreldri sem PAS gerandi vinnur gegn. Ef PAS gerandi mótar neikvæða ímynd hjá barninu gagnvart hinu foreldrinu er mikil hætta á að sjálfsmynd barnsins skaddist. Stanslaust PAS ofbeldi á barnið hefur mikil áhrif á afstöðu barnsins, ekki bara gagnvart foreldri sínu heldur ættingjum öllum.³⁸
5. Því lengri tími sem líður sem ekki eru samskipti milli barns og hins foreldrisins því erfiðara er fyrir barnið að mynda eðlileg tengsl.³⁹

³¹ Clawar et. al (1991) bls. 45. og sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008.

³² Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

³³ Gardner (2002) bls 10.

³⁴ Clawar et. al (1991) bls. 25-26.

³⁵ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008.

³⁶ Kopetski (1998) bls 68 og Clawar et.al (1991) bls. 25-26.

³⁷ Byrne (1989) bls 1 -2.

³⁸ Clawar et. al (1991) bls. 25-26 og Lowenstein (1999) bls 48-49.

³⁹ Clawar et. al (1991) bls. 25-26.

6. Barn sem virkilega hefur þá tilfinningu að þegar það er ekki heima hjá PAS foreldrinu líði því foreldri svo illa og það sé svo einmanna, byggir upp mikla sektarkennd, áhyggjur og ótta við að fara að heiman að þau kjósa að fara ekki. PAS gerandi eykur á kvíðakennd barnsins þannig að ákveðið mynstur getur myndast í lífi barns sem getur haft alvarlegar afleiðingar. Helstu afleiðingar af slíku ofbeldi á barn er þunglyndi, kvíði, geðræn áhrif og ótti. Flest þessara barna mynda með sér reiði gagnvart hinu foreldrinu og barátta hins foreldris að fá að taka eðlilegan þátt í lífi barns verður mikil þar sem barnið á erfitt með að yfirgefa PAS foreldrið vegna líðan þess í fjarveru barnsins.⁴⁰
7. Ef barninu er stillt upp þannig að það eigi að velja milli foreldra sinna og því líður vítiskvalir yfir þessari stöðu.⁴¹
8. Barn sem býr við aðstæður PAS ofbeldis og hefur ekki náð að mynda almenn og jákvæð tengsl við hitt foreldrið er undir mikilli hættu við að mynda með sér kvíða, ótta og hræðslu. Þessi börn eru ávallt hrædd við viðbrögð PAS gerandans en einnig smeyk við höfnun frá hinu foreldrinu. Kvíðamyndun meðal PAS gerandans sjálfs er oftast rötin af þessum vanda sem er yfirfærð á barnið. Þessi kvíðamyndun er mjög sterk við aðskilnað barns frá PAS foreldrinu þ.e. aðskilnaðarkvíði. Þetta sama kvíðamyndandforeldri mun frekar kaupa barnapössun hjá barnfóstru en leyfa hinu foreldrinu að hafa barnið.⁴²
9. Barn sem býr við heilapvott og PAS ofbeldi skaðast persónulega og á oft í erfiðleikum með að mynda eðlileg tengsl við annað fólk. PAS gerandinn hefur oft það markmið að eyðileggja tengsl barnsins við hitt foreldrið.⁴³
10. Barn sem býr við PAS ofbeldi sýnir oft eitthvað af eftirfarandi þáttum:⁴⁴
 - a. Reiði
 - b. Lítið sjálfstraust og sjálfsmat
 - c. Aðskilnaðarkvíða
 - d. Hræðslu við að verða rænd
 - e. Skólafælni
 - f. Ímyndunarveiki
 - g. Vilja ofurvernda sjálft foreldri sitt
 - h. Hrædd við framtíðina
 - i. Þunglyndi
 - j. Svefn- og mataróróleika
 - k. Ruglingslega hegðun
 - l. Þvaglát í svefni
 - m. Dagdrauma
 - n. Sjálfseyðingarhvöt
 - o. Kvíða
 - p. Sálræna erfileika
 - q. Hafa skerta mynd af því hvað eðlilegt kynlíf er og því tengist kynlífi

⁴⁰ Clawar et. al (1991) bls. 46.

⁴¹ Byrne (1989), Clawar et. al (1991) bls. 25-26 og sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/> - sótt ágúst 2008

⁴² Clawar et. al (1991) bls. 80.

⁴³ Clawar et. al (1991) bls. 104.

⁴⁴ Clawar et. al (1991) bls. 129.

- r. Sektarkennd
 - s. Sterkt ímyndunarafl og uppspuni
11. Rannsóknir sýna að barn sem búið hefur við PAS ofbeldi og hefur ekki fengið að vera í eðlilegum samskiptum við hitt foreldri sitt er hægt að bjarga með markvissu átaki. Ein helsta leiðin til að bjarga barninu úr þessum aðstæðum er að fjarlægja það úr ofbeldis umhverfinu t.d. með því að það verji mun meiri tíma með hinu foreldrinu. Meiri og reglulegri umgengni við hitt foreldrið er sú leið sem vinnur best við heilapvotti og ofbeldi PAS gerandans. Ef barnið býr til langs tíma við PAS ofbeldi er líklegt að skaðinn verði það mikill að meiriháttar meðferðar er þörf.⁴⁵
 12. Marktækar niðurstöður rannsókna sýna að barn sem býr við það ofbeldi að móðirin ásaki/kæri ranglega föður þess um kynferðislega misnotkun, gengur í gegnum sálarmartöð. Barnið hefur fengið áfall og á við mikla vanlíðan að stríða.⁴⁶
 13. Þegar fullorðnir einstaklingar sem ólust upp við PAS ofbeldi rifja upp uppvaxtarár sín eru nokkur atriði sem þessir einstaklingar eiga sameiginlegt. Þar á meðal:⁴⁷
 - a. Líðan þessa fólks öll uppvaxtar- og fullorðinsárin og voru líkari martröð
 - b. Þau byggja upp mikla vanlíðan og reiði innra með sér
 - c. Þau segjast bera skaðann alla æfina
 - d. Amman þ.e. móðir PAS gerandans spilar oft algjört lykilatriði í PAS ofbeldinu þ.e. hún ýtir undir PAS ofbeldi
 - e. Mikil reiði og heift í garð ömmunnar þar sem amman var til staðar
 - f. Þunglyndi og ýmsir geðrænir sjúkdómar fylgja þessu fólki
 - g. Tilraun til sjálfsvígs er nokkuð algeng meðal þessa fólks
 - h. Óregla og eiturfjandrotkun er nokkuð algeng meðal þessa fólks
 - i. Þau eru brennimerkt af vanlíðan fyrir lífstíð

⁴⁵ Clawar et. al (1991) bls. 129.

⁴⁶ Ross et. al (1999) bls 8.

⁴⁷ Sjá <http://www.parental-alienation-awareness.com/awareness-letterskids.asp> - sótt ágúst 2008.

Heimildir:

Byrne, K. (1989) *Brainwashing in Custody Cases: The Parental Alienation Syndrome*. Australian Family Lawyer 1989, Vol. 4(3), p. 1.

Clawar, S. S. and Riviin, B. V. (1991) *Children Held Hostage: Dealing with Programmed and Brainwashed Children*. Chicago, Illinois: American Bar Association.

Gardner, R. A. M.D. (2002) *The empowerment of children in the development of parental Parental Alienation Syndrome*. The American Journal of Forensic Psychology 20(2):5-29, 2002.

Heimasíða Parental Alienation Awareness Organization. www.parental-alienation-awareness.com, sótt ágúst 2008.

Kopetski, L. (1998), *Identifying Cases of Parental Alienation Syndrome-Part I*. The Colorado Lawyer, 27(2):65-68.

Lowenstein, L. F. (1998) Parent Alienation Syndrome: A Two Step Approach Toward a Solution. Contemporary Family Therapy, 505-520, Volume 20, Number 4 / December, 1998.

Lowenstein, L. F. (1999) *Parental Alienation Syndrome (PAS)*. Justice of the Peace, Vol. 163 No. 3, p 47-50.

Ross, K.L. and Blush, G.J. (1990) *Sexual Abuse validity discriminators in the divorced or divorcing family*. Issues in Child Abuse Accusations, 2(1):1-6.

Siegel, J. C. and Langford, J. S. (1998) MMPI-2 Validity Scales and Suspected Parental Alienation Syndrome. American Journal of Forensic Psychology. Vol. 16, no 4, 1998.